

## Reglur um staðbundið vöruúrval

Með breytingum skv. reglum um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 7. júní 2018 og 18. júlí 2024.

### 1. gr.

Reglum um staðbundið vöruúrval er ætlað að stuðla að því að vöruúrval hvernar vínbúðar geymi vörutegundir (vörunr.) sem sérstök eftirspurn er eftir í viðkomandi vínbúð en eru ekki hluti af vöruúrvali viðkomandi vínbúðar skv. öðrum reglum.

[Sérstaka eftirspurn eftir vörutegund í verslun skal ákvarða m.a. á grunni söluupplýsinga viðkomandi verslunar og væntinga viðskiptavina viðkomandi verslunar.]<sup>1</sup>

### 2. gr.

Staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar skal [samanstanda af allt að 100]<sup>2 3</sup> vörutegundum (vörunr.) að hámarki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt, tímabundið við sérstakar aðstæður, að láta staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar samanstanda af allt að [110]<sup>4 5</sup> vörutegundum (vörunr.).

### 3. gr.

Staðbundið vöruúrval í vínbúðum skal endurskoðað þrisvar sinnum á ári, þ.e. í febrúar, júní og október.

### 4. gr.

Yfirlit yfir staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar, þ.e. vörutegundir (vörunr.), skal birt á vefsvæði ÁTVR.

### 5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 27. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 1106/2015.

### 6. gr.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Reykjavík, 3. mars 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

<sup>1</sup> Sbr. 1. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 18. júlí 2024.

<sup>2</sup> Sbr. 1. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 7. júní 2018.

<sup>3</sup> Sbr. 2. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 18. júlí 2024.

<sup>4</sup> Sbr. 2. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 7. júní 2018.

<sup>5</sup> Sbr. 3. gr. reglna um breytingu á reglum um staðbundið vöruúrval dags. 18. júlí 2024.